



Skólaráð

Tillögur að starfsreglum fyrir foreldrafélög um kosningu í skólaráð grunnskóla (skv. 9.gr.laga nr. 91 frá 2008)

- 1) Stjórn foreldrafélags í samráði við skólastjóra auglýsir eftir tilnefningum úr hópi foreldra í skólaráð. Tryggja þarf að öllum foreldrum berist slík auglýsing. Það má gera með því að auglýsa á heimasíðu skólans, í fréttablaði, með því að senda tölvupóst á alla foreldra í gegnum mentor eða með töskupósti. Í auglýsingu er kynnt hvert hlutverk skólaráðs er, að kosið er til tveggja ára, fyrir hvaða tíma, á hvaða formi, og hvert skal skila inn tilnefningum. Þegar umsóknarfrestur er liðinn er *fulltrúaráð foreldrafélagsins* kallað saman, þ.e. stjórn, varastjórn, bekkjarfulltrúar (og þeir sem voru í foreldraráði við stofnun skólaráðs í fyrsta sinn) og farið yfir hverjir hafa gefið kost á sér. Í framhaldi er ákveðið hvenær kosning fer fram.
- 2) Ef enginn hefur gefið kost á sér þá tilnefnir hver fulltrúaráðsfulltrúi tvo til þrjá foreldra. Haft er samband við viðkomandi og þeir beðnir um að gefa kost á sér.
- 3) Auglýst skal eftir foreldrum í skólaráð strax í upphafi skólaárs og skal niðurstaða kosningar vera ljós fyrir septemberlok.
- 4) Allir foreldrar barna í viðkomandi skóla eru kjörgengir nema þeir séu kennarar eða starfsfólk viðkomandi skóla eða sitja sem kjörnir fulltrúar í skólanefnd viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags.
- 5) Þegar ljóst er hverjir gefa kost á sér eru kjörseðlar sendir heim til allra foreldra (einn á heimili) og foreldrar beðnir að skila kjörseðlum aftur til umsjónarkennara (sem merkir við þá sem kjósa) eða í kjörkassa á skrifstofu skólans. Einnig er hægt að halda rafræna kosningu á heimasíðu skólans eða hafa kosningu á aðalfundi foreldrafélagsins ef það hentar betur. Á heimasíðu skólans er sett stutt kynning á þeim foreldrum sem bjóða sig fram til setu í ráðinu.
- 6) Þegar kosið er í fyrsta sinn í skólaráð er annar fulltrúi foreldra kosinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Varamenn skal kjósa í samræmi við það. Með því móti er tryggt að aðeins annað foreldri fari á sama tíma úr skólaráði.
- 7) Að öllu jöfnu skal miða við að fulltrúi foreldra sitji ekki lengur en fjögur ár samfellt í skólaráði.